



Stjórnarfundur Félags almennra lækna

| | | |
|---|-----------------------|--|
| Dags. fundar: 05.06.2023 | Tími: 17:00 | Staðsetning Röntgen, 101 Reykjavík |
| Fundarboðandi: Sólveig Bjarnadóttir | | Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir |
| Fundarmenn mættir: Sólveig Sigrún Teitur Ari Helga Stella Rún Ingi | | |

Fundardagskrá

1. Ársskýrsla - leggja lokahönd
2. Fjárhagsáætlun
3. Prókúru skipti
4. Lagabreytingar - uppfæra á heimasíðu og hjá LÍ
5. Vinnulag stjórnar - fundarstaðir, fundartímar
6. Fundargerðir og heimasíða
7. Bókanir af aðalfundi
8. Skipa í nefndir - hagsmunanefnd, skemmtinefnd, fræðslunefnd
9. Móttaka sérnámsgrunnslækna - boð 7. júní, fræðsla
10. Önnur mál

Fundargerð

1. Ársskýrsla - leggja lokahönd
 - a. Drög að ársskýrslu er tilbúin inni á Drive aðgangi FAL þar sem meðlimir geta nálgast hana. Ef engar athugasemdir berast til og með 11. júní nk. þá telst skýrslan samþykkt af stjórninni og verður send á LÍ.
2. Fjárhagsáætlun
 - a. Teitur Ari kynnir fjárhagsáætlun sem er aðgengileg inni á Drive aðgangi FAL og leggur til að stofnaður verði reikningur hjá Auði. Engar mótbárur.
3. Prókúru skipti
 - a. Í vinnslu.
4. Lagabreytingar - uppfæra á heimasíðu og hjá LÍ
 - a. Uppfæra þarf heimasíðu FAL, bæði lög og upplýsingar um stjórn. Hjördís Ásta mun taka að sér að senda uppfærð lög FAL á LÍ.
5. Vinnulag stjórnar - fundarstaðir, fundartímar
 - a. Miða að því að funda með tveggja til þriggja vikna fresti eftir því hversu mikið álag er. Miðum að því að funda á miðvikudögum og ákvarða fundarstaði með sæmilegum fyrirvara. Næsti fundur verður 3. júlí.
6. Fundargerðir og heimasíða
 - a. Sigrún tekur að sér að uppfæra heimasíðu. Lagt til að hafa fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu.
7. Bókanir af aðalfundi
 - a. Tvær bókanir lagðar fyrir á aðalfundi. Sólveig ætlar að leggja í hendur Hjördísar að skoða bókunina nánar sem fjallar um aukna upplýsingamiðlun til félagsmanna með tölvupósti.
8. Skipa í nefndir - hagsmunanefnd, skemmtinefnd, fræðslunefnd
 - a. Hrafnhildur Runólfsdóttir heldur áfram sem formaður fræðslunefndar. Teitur Ari og Sæmundur Rögnvaldsson hafa boðist til að halda áfram. Arnar Snær, Stella Rún og Hjördís Ásta bjóða sig ný fram í fræðslunefnd. Gert ráð fyrir um 5-7 manns.
 - b. Þórdís, Sigrún og Anton Valur halda áfram setu í hagsmunanefnd. Sólveig, Helga, Stella Rún og Oddný bjóða sig fram í hagsmunanefnd. Teitur Ari hættir í hagsmunanefnd. Sigrún og Anton Valur eru jafnframt fulltrúar í samninganefnd LÍ.
 - c. Munum hafa samband við meðlimi skemmtinefndar á síðasta ári og kanna áhuga fyrir áframhaldandi setu.
9. Móttaka sérnámsgrunnslækna - boð 7. júní, fræðsla
 - a. Sólveig var með stutta kynningu um FAL á móttökudögum sérnámsgrunnslækna í dag. Einnig ræddi Sólveig við Ingu Sif að það væri ráðlagt að hafa fastan lið í fræðslu sérnámsgrunnslækna þar sem væri farið yfir kjaratengd atriði sem væri gott að vita. FAL gæti einnig haft fræðslukvöld um kjaramál fyrir sérnámsgrunnslækna í haust, stefnum á að halda slíkan viðburð í ágúst nk.
 - b. Eftir móttöku sérnámsgrunnslækna hjá LÍ mun FAL bjóða hópnum á Bryggjuna.
10. Önnur mál
 - a. Rætt um nýtt minnisblað viðbótargreiðslna fyrir aukavaktir á Landspítala og þann varnagla sem er settur á lækna. Er til skoðunar hjá LÍ.

Fundi slitið kl 18:40.